

Stórsýningin Verk og vit



2024 Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 18.–21. apríl



BLAÐSÍÐA 2

Stórsýningin Verk og vit verður haldin í sjötta sinn dagana 18.-21. apríl 2024 í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Frá fyrstu sýningu hefur verið mikill áhugi á Verk og vit, bæði meðal fagaðila og almennings.

BLAÐSÍÐA 8

Mikil framþróun hefur átt sér stað innan BYKO undanfarið þar sem stafrænar lausnir, sjálfbærni og vörubrúun hafa fengið aukið vægi. BYKO hefur opnað sjálfsafgreiðslukassa í verslunum og hefur nýjungin fengið góð viðbrögð.

BLAÐSÍÐA 10

Landsbankinn hefur lengi haft mjög sterka stöðu í hvers konar mannvirkjafjármögnun þau verkefni sem Landsbankinn fjármagnar nú, taka til byggingar á um 3.780 íbúðum, sem flestar munu koma á markaðinn á þessu og næsta ári.

BLAÐSÍÐA 15

Iðan fræðslusetur er í eigu samtaka launþega og atvinnurekanda og gegnir því hlutverki að bæta hæfni starfsmanna og fyrirtækja í iðnaði með því sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem við á.



Elsa Giljan sýningarstjóri ásamt Sigurði Inga Jóhannssyni innviðaráðherra á síðustu Verk og vit sýningu.

Sýnendur gefa tóninn

Stórsýningin Verk og vit verður haldin í sjötta sinn dagana 18.-21. apríl 2024 í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal.

„Frá fyrstu sýningu hefur verið mikill áhugi á Verk og vit, bæði meðal fagaðila og almennings. Verk og vit hefur fest sig í sessi sem lykilviðburður og uppskeruhátíð í byggingaríðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð á Íslandi,“ segir Elsa Giljan Kristjánsdóttir, sýningarstjóri Verk og vit.

Markmið sýningarinnar eru annars vegar að auka tengslamyndun og styrkja viðskiptasambönd milli fagaðila og hins vegar að auka vitund almennings um starfsemi atvinnugreinanna sem að sýningunni koma, meðal annars hvað varðar vitund um gæða- og menntamál.

Sýningin ávallt vel sótt

Verk og vit hefur ávallt vakið mikla athygli og verið vel sótt að sögn Elsu Giljan. Gestafjöldi á síðustu sýningu hefur verið í kringum 25.000 og rúmlega 100 sýnendur hafa kynnt vörur sínar og þjónustu. Þá hafa verið haldnar ráðstefnur og aðrir

viðburðir í tengslum við sýninguna þar sem fjallað er um byggingaríðnað, skipulagsmál, mannvirkjagerð og menntamál frá ýmsum sjónarhornum. Hefur það jafnan aukið faglega umræðu og eftir nýliðun í þessum greinum.

Sýnendur á Verk og vit 2022 voru m.a. byggingaverktakar, verkfræðistofur, tækjaleigur, hugbúnaðarfyrirtæki, framleiðendur, menntastofnanir, fjármálfyrirtæki, ráðgjafafyrirtæki og sveitarfélög. Í viðhorfskönnun sem Zenter gerði meðal sýnenda sögðust um 92% hafa verið ánægð með sýninguna og 94% sögðust hafa náð markmiðum sínum vel eða mjög vel. Það kemur því ekki á óvart að nær allir sýnendur töldu vera grundvöll fyrir því að halda Verk og vit aftur.

Fjölbreytt flóra fyrirtækja og stofnana

„Á hverri sýningu gefa sýnendur tóninn fyrir því hvað gestir eiga í vendum sem sækja sýninguna heim. Fyrirtækin og stofnanir sem hafa tekið þátt í sýningunni frá byrjun hafa verið fjölbreytt og erum við stolt af

því að stýra viðburði eins og Verk og vit sem hefur ávallt teft fram fjölbreyttum hóp sýnenda sem leggur mikinn metnað í sýninguna og að kynna sín fyrirtæki og vörur fyrir sínum markhóp og viðskiptavinum,“ segir Elsa Giljan.

Hún segir að á hverri sýningu séu alltaf nokkrir aðilar sem eru að feta sín fyrstu spor inn á markaðinn. „Mörg þessara fyrirtækja hafa haft samband við okkur eftir þátttöku á Verk og vit og lýst því fyrir okkur hve mikil lyftistöng þátttaka þeirra hafi verið. Þetta er að sjálfsgöðu mikið gleðiefni að þau nái þessum árangri enda leggjum við upp með að gera okkar sýnendur meðvitada um það hvernig best sé að ná árangri á sýningum og hvernig væri æskilegt að ná til gesta. Þau fyrirtæki sem hafa fetað sig inn á markaðinn og eru stöndug hafa ekki síður ávinning af þátttöku á sýningunum. Þau leggja áherslu á nýjungar sem þau bjóða upp á og það sem þau vilja leggja sérstaklega áherslu á fyrir iðnaðinn hverju sinni. Þarna gefst þeim tækifæri til að ýta allt verulega undir vitund og þekkingu viðskiptavina sinna á vöruflöru sinni, sama hvort það sé

vara, þjónusta eða tæknitengdar lausnir. Mörg fyrirtæki hafa verið sýnendur frá byrjun sem er afar ánægjulegt, en sýningin verður aldrei betri en það sem sýnendur hafa fram að færa, og okkar sýnendur hafa svo sannarlega boðið upp á áhugaverðar og glæsilegar sýningar, segir Elsa Gilja”

Hefur vaxið sem mikilvægur viðburður

Elsa segir að sýningin hafi vaxið sem mikilvægur viðburður auk þess að vera ávallt vel sótt. „Gestir sem hafa allir það sameiginlegt að vinna við og eða hafa áhuga á byggingar- og mannvirkjagerð. Við erum nú þegar orðin mjög spennt fyrir næstu sýningu og við finnum að fjölmargir sýnendur eru orðnir það líka. Saman munum við því öll leggja okkur fram við að gera stórsýninguna Verk og vit sem glæsilegasta í apríl á næsta ári. Sala sýningarsvæðis er nú þegar hafin og salan hefur farið gríðarlega vel af stað sem er afar ánægjulegt. Það er gaman að segja frá því að það er mikil breidd í hópi þeirra sýnenda sem eru þegar búnir að skrá sig,“ segir Elsa enn fremur.



Sýnendur á Verk og vit 2022 voru m.a. byggingaverktakar, verkfræðistofur, tækjaleigur, hugbúnaðarfyrirtæki, framleiðendur, menntastofnanir, fjármálfyrirtæki, ráðgjafafyrirtæki og sveitarfélög.

Stórsýningin Verk og vit



2024 Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 18.– 21. apríl

Verður þitt fyrirtæki með?



Stórsýningin Verk og vit verður haldin í sjötta sinn dagana **18. – 21. apríl 2024** í Íþrótt- og sýningarhöllinni Laugardal.

Sýningin er ætluð þeim sem koma að bygginga- og mannvirkjagerð á ýmsum stigum, s.s. sveitarfélögum, verktökum, iðnaðar-, hugbúnaðar- og þjónustufyrirtækjum, menntastofnunum, hönnuðum og ráðgjöfum.

Verk og vit er kjörinn vettvangur til að kynna þjónustu og vörur, fjölga viðskiptavinum, efla samband við núverandi viðskiptavini og byggja upp jákvæða ímynd með fræðslu og fróðleik.

AP almannatengsl er framkvæmdaraðili sýningarinnar en samstarfsaðilar eru; mennta- og barnamálaráðuneytið, innviðaráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Byko og Landsbankinn.

Skráning og nánari upplýsingar á:
verkogvit.is

SAMSTARFSADILAR



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið



BYKO





Búum mannvirkjajafnaði gott starfsumhverfi

Mannvirkjajafnaður gegnir lykilhlutverki þegar kemur að framtíðarsýn stjórnvalda um húsnæðisuppbyggingu, innviðaupbyggingu og orkuskipti.

Á Iðnþingi sem haldið var fyrr á þessu ári var greint frá því að þörfin fyrir uppbyggingu á þessum sviðum væri mikil. Á þinginu kom fram að iðnaðurinn er tilbúinn í þessi verkefni en hann þarf að búa við gott starfsumhverfi svo framtíðarsýn stjórnvalda raungerist. Starfsumhverfið þarf að vera stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt.

Sagan hefur því miður einkennst af miklum óstöðugleika í mannvirkjajafnaði þar sem sveiflur í greininni hafa fylgt hagsveiflunni en með mjög ýktum hætti. Má í því sambandi nefna að greinin ríflega helmingaðist að umfangi eftir efnahagsáfallið 2008 en hefur meira en tvöfaldast að umfangi síðan.

Nú sjáum við aftur merki þess að greinin sé að dragast saman og aðgerðir stjórnvalda til að ná niður verðbólgu miðast öðru fremur að því að draga úr þenslu í mannvirkjajafnaði.

Mikilvægt er að auka stöðugleika og hverfa frá þeirri siendurteknu hegðun að nýta mannvirkjajafnað til sveiflujöfnunar



Björg Ásta Þórðardóttir

í hagkerfinu. Aukinn stöðugleiki stuðlar að auknum gæðum og aukinni framleiðni.

Vistvæn mannvirkjagerð

Samhliða mikilli þörf fyrir uppbyggingu er jafnframt ákall um að uppbyggingin

sé vistvæn. Með vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð, sem er nefndur Byggi-um grænni framtíð, eru skýr markmið sett um samdrátt í losun frá mannvirkjagerð. Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 43% fyrir árið 2030 og hafa verið settar fram 74

” Sýningin Verk og vit er kjörið tækifæri til að eiga samtál um nýjar hugmyndir og lausnir í mannvirkjajafnaði.


aðgerðir sem ráðast þarf í til að ná settu markmiði.

Það er ljóst að enginn einn aðili ber ábyrgð á þessu verkefni. Þetta er verkefni okkar allra. Viðtækt og virkt samtal allra hagaðila, atvinnulífs, stjórnvalda og háskóla þarf til að ná raunverulegum árangri.

Fjölmargir hagaðilar koma að því stóra verkefni að byggja vönduð mannvirki í samræmi við þörf á hagkvæman hátt. Stór skref hafa verið tekin síðastliðin misseri í átt að bættri yfirsýn og jákvæðri þróun innan iðnaðarins.

Aukin skilvirkni

Með einu ráðuneyti innviða hafa skapast tækifæri til viðtækra umbóta í starfsumhverfi greinarinnar auk stofnunar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Það



Öflugur iðnaður

– forsenda góðra lífskjara

Verðmætasköpun sem byggir á öflugu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífskjara.

Stöðugt starfsumhverfi, öflugir innviðir, fjölbreytt menntun, verðmæt nýsköpun og ábyrg stefna í orku- og umhverfismálum eykur framleiðni sem leiðir til hagsældar.

Við verðum á Verk og vit í Laugardalshöllinni í apríl á næsta ári.

si.is

SI Samtök
iðnaðarins



BYKO opnaði nýjan þjónustuvef á síðustu Verk og vit sýningu sem hefur fengið nafnið "Mitt BYKO".

hefur löngum verið ákall, og er enn, eftir aukinni skilvirkni í leyfisveitingarferlum, regluverki og stjórnslu.

Stafræn þróun mannvirkjagerðar, þar sem aukin áhersla er á nýtingu stafrænna lausna bæði á hönnunar- og framkvæmdastigi sem og í stjórnslu og leyfisveitingarferli, er ein lykilforsenda aukinnar skilvirkni og bætt starfsumhverfis iðnaðarins. Við erum því miður eftirbátar nágrannaþjóða okkar hvað þetta varðar, þrátt fyrir að

stórstígg skref á íslenskan mælikvarða hafi verið tekin.

Nauðsynleg þróun mannvirkjagerðar er háð því að regluverk styðji við og stuðli að bættri mannvirkjagerð.

Það hefur löngum verið áherslumál iðnaðarins að einfalda regluverk og er sú vegferð hafin með endurskoðun á byggingareglugerð. Til viðbótar einföldun regluverks þarf jafnframt að tryggja samræmda túlkun þess en slíkt hefur verið áskorun í því umhverfi

sem iðnaðurinn starfar innan þar sem eftirlitsaðilar eru dreifðir á 42 byggingarfulltrúa. Með einföldun regluverks og aukinni samræmingu í eftirliti má draga úr kostnaði, auka skilvirkni og framleiðni.

Til mikils að vinna

Það er til mikils að vinna að búa mannvirkjaiðnaði gott starfsumhverfi sem er í senn stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt. Ábyrgð stjórnvalda er þar mikil. Meira

þarf þó að koma til og eru fyrirtæki í mannvirkjaiðnaði ávallt á höttunum eftir nýjum lausnum og tækifærum til þess að starfa með skilvirkari hætti, auka hagkvæmni, vistvæna uppbyggingu og gæði.

Sýningin Verk og vit er kjörið tækifæri til að eiga samtal um nýjar hugmyndir og lausnir í mannvirkjaiðnaði fyrir þá mikilvægu uppbyggingu sem er framundan.


Höfundur er sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins.



Hitaveiturör Stál



Hitaveiturör Pex flextra



Kaldavatnsrör



Ídráttarrör



Stál tengi



Pex tengi



Intakspéttingar



Lokar Tengir Mælur



Lokar

ISRÖR

Hringhella 12
221 Hafnarfjörður



565 1489



isor@isor.is



ISROR

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
OKKAR INN Á ISROR.IS

Viðurkenndur
losunarstaður
á Esjumelum



VIÐ TÖKUM Á
MÓTI MALBIKI TIL
ENDURVINNSLU



MALBIKSTÖÐIN

WWW.MALBIKSTODIN.IS | SÍMI: 5160500



BYKO vann sýningarverðlaun Verk og vit 2022.

Stafrænar lausnir og sjálfbærni í aðalhlutverkinu

BYKO er ein þekktasta byggingarvöruverslun landsins og býður upp á breitt vöruval. Fyrirtækið býður upp á mjög mikið af tæknilausnum og hefur unnið að stórum verkefnum í byggingargeiranum. BYKO hlaut Sýningarverðlaun Verk og vit 2022.

„Við erum að koma upp úr mjög umfangsmikilli stefnumótunarvinnu þar sem framtíðarsýn fyrirtækisins hefur verið sett. Að skapa bestu heildarupp-lifun viðskiptavinar í framkvæmdum og fegrun heimilisins,“ segir Sigurður B. Pálsson, forstjóri BYKO.

Hann segir að mikil framþróun hafi átt sér stað innan fyrirtækisins undanfarið þar sem stafrænar lausnir, sjálfbærni og vöruþróun hafa fengið aukið vægi. „Við höfum sótt okkur sérþekkingu á vistvottunarkerfum fyrir byggingar, bæði Svaninum og BREEAM og komið að lærdómsríkum samstarfsverkefnum sem hafa veitt okkur góða innsýn í heildarferlið. Með þessum aðgerðum viljum við vera öðrum hvatning til að láta sig mál-in varða, huga að sjálfbærni og leggja þannig okkar af mörkum til að lágmarka losun og sporna við þróun í loftslagsmál-um.“

Koma að fjölmörgum verk-efnum stórum og smáum

Sigurður nefnir að til að uppfylla þessi markmið hafi Byko opnað sjálfs-afgreiðslukassa í verslunum fyrirtækis- ins þar sem viðskiptavinir geta verslað hvort sem er í staðgreiðslu eða út í reikn- ing. „Við höfum við fengið mjög jákvæð viðbrögð við þessari nýjung. Við opn- uðum nýjan þjónustuvef á síðustu Verk og vit sýningu sem hefur fengið nafnið „Mitt BYKO“. Á þessum vef geta við- skiptavinir, fagaðilar og einstaklingar, fengið betri yfirsýn yfir sín viðskipti við



Sigurður B. Pálsson, forstjóri BYKO.

okkur og höfum við einfaldað innskráningarfarið og tekið í notkun bæði rafræna innskráningu og rafræn BYKO kort. Á fyrirtækjamaðli höfum við komið að fjölmörgum verkefnum stórum og smáum. Við komum þá oft að fyrstu stig- um framkvæmda. Við vinnum náið með arkitektum, hönnuðum og verktökum.“ Meðal vörunýjunga hjá BYKO nefnir Sig- urður nýtt undirkerfi fyrir klæðningar sem fyrirtækið hefur verið að hanna í samstarfi við verktaka sem sérhæfðir eru í klæðningalausnum ásamt nýjung- um í ál- og bond-klæðningum. „Við höf- um einnig hafið sölu á Svansvottaðri, hitameðhöndlaðri viðarklæðningu frá Lunawood sem hægt er að nota bæði inn- andyra sem utan svo eitthvað sé nefnt.“

Fólk og fyrirtæki eru í framkvæmdum

Sigurður segir að til skamms tíma séu óneitanlega rauð flögg á lofti hvað efna-

hagsumhverfið varðar. „Ég vona hins vegar að ríki, borg og sveitarfélög átti sig á sínu hlutverki í þeirri stöðu. Við þekkjum öll söguna og núna er tækifær- ið að koma í veg fyrir að sagan endur- taki sig hvað varðar íbúðamaðinn. Ég hef reyndar aldrei skilið af hverju við erum sífellt að lenda í þessari stöðu, það er ekki nokkur skynsamleg ástæða fyrir því. Verkefnið snýst um að úthluta lóðum, brjóta upp land, gefa verktökum svigrúm til að byggja upp eftirspurnina og þær þarfir sem markaðurinn kallar eftir, þannig náum við fram stöðugleika. Þó horfum við hjá BYKO hjartsýn fram á veginn og mörg jákvæð teikn eru á lofti. Fólk er í framkvæmdum hvort um ræðir fagaðilar eða einstaklinga.“

Unga fólk er nægjusamara

Hann nefnir ennfremur að það sé löngu að vitað að ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref inn í atvinnulífið, sé ekki

að leita eftir íburðarmiklum íbúðum á dýrum svæðum við fyrstu íbúðarkaup. „Unga fólk er einfaldlega nægjusam- ara, gerir ekki sömu kröfur og eldri kyn- slóðir til íbúða. Það leitast eftir sveigi- anleika án mikilla skuldbindinga við steinsteyppuna. Mér hefur fundist skorta skilning á þessum breyttu þörfum þegar kemur að hönnun, deiliskipulagi íbúða. Sveitarfélagsgjöld, innviðagjöld og svifa- sein stjórnsýsla dregur úr öllum hvata verktaka að byggja hagkvæmar ódýrar íbúðir sem fyrstu kaupendur og ungt fólk eru að kalla eftir. Við eignum að einbeita okkur að kostnaðarhlíðinni, húsnæð- iskostnaður er stærsti einstaki kostnað- arliðurinn í bókhaldi heimilanna.“

Frábært tækifæri að eiga samtal við viðskiptavinina

BYKO er einn af samstarfsaðilum Verk og vit og segir Sigurður að sýningin sé frábær vettvangur fyrir fyrirtæki að koma á framfæri vörum og þjónustu. „Á síðustu sýningu komu um 25 þúsund gestir. Þarna er frábært tækifæri að vera með bás og eiga samtal við viðskiptavini. Það er svo mikilvægt í okkar bransa því viðskiptavinirnir eru þeir sem drífa okk- ur áfram dag frá degi. Það mikilvægt að fá tækifæri til að hitta svo marga við- skiptavini á einum stað. Það eru verð- mætin fyrir okkur að taka með að lok- inni sýningu. Þarna eiga sér stað miklar umræður við aðila úr hinum ýmsum geirum. Við erum að spjalla þarna við fólk úr ólíkum áttum með ýmis verkefni allt frá einstaklingum sem eru að byggja sumarbústaði upp í framkvæmdaaðila að stórum verkefnum. Þessar sýningar hafa gagnast BYKO mikið í gegnum árin og í mínum huga er þessi sýning afar mikilvæg og verður svo áfram,“ segir Sigurður.

Traustur verktaki



 Keflavíkurflugvöllur

ÍSTAK

Skoðu laus
störf á [istak.is](https://www.istak.is)

Frábært tækifæri til að hitta viðskiptavinini

Landsbankinn hefur um árabíl verið leiðandi þegar kemur að mannvirkjafjármögnun. Árið 2022 var bankinn með 50% hlutdeild í fjármögnun nýrra íbúða. Um síðustu áramót fjármagnaði bankinn 142 byggingarverkefni, en til þessara verkefna töldust um 4.300 íbúðir á öllum byggingarstigum og þar af voru rúmlega 400 íbúðir ætlaðar félagsamtökum og leigufélögum. Stærsti hluti íbúðanna er á höfuðborgarsvæðinu en einnig voru nokkur stærri verkefni á Selfossi, Akureyri, Akranesi og í Reykjanesbæ,“ segir Dóra Gunnarsdóttir, viðskiptastjóri Mannvirkjafjármögnunar og ferðaþjónustu á Fyrirtækjasviði Landsbankans.

Landsbankinn hefur verið samstarfsaðili Verk og vit sýningarinnar frá upphafi. „Á sýningunni gefst frábært tækifæri til að hitta einstaklinga, fyrirtæki og hagsmunaaðila, fara yfir stöðuna og ræða áhugaverð verkefni sem viðskiptavinir okkar eru að fást við. Það er kærkomið að hafa þennan vettvang til að hitta þá aðila sem standa að atvinnugreininni. Við teljum að atvinnugreinin standi frammi fyrir töluverðum áskorunum næstu misseri. Ljóst er að sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga um enn aukid framboð á íbúðamarkaði muni reyna á afkastagetu greinarinnar,“ segir Dóra.

Eftirspurnin minnkað mjög í kjölfar mikilla vaxtahækkana

Sveiflur í eftirspurn á íbúðamarkaði hafa verið verulegar og oft koma þær skyndi-



Dóra Gunnarsdóttir, viðskiptastjóri Mannvirkjafjármögnunar og ferðaþjónustu á Fyrirtækjasviði Landsbankans.

lega á meðan framboðsbreytingar taka 2-3 ár, frá upphafi til loka verkefnis. Mikil eftirspurnaraukning var á fasteignamarkaði árið 2020 í kjölfar vaxtahækkunar og svo finnum við að eftirspurnin hefur minnkað mjög í kjölfarið mikilla vaxtahækkana á undanföllum misserum og vegna breytinga á greiðslumati íbúðalána. Þessar sveiflur eru óheppilegar bæði fyrir verktaka og ekki síður

kaupendur. Þær gera það að verkum að erfiðara er um vik fyrir verktaka að áætla framleiðsluþörf.

„Þá hefur stærri útboðsverkefnum fjölgað undanfarið og afkastageta verktaka hefur í auknum mæli farið í að sinna þeim. Verktakar sem áður byggðu mest fyrir eigin reikning hafa í auknum mæli farið inn á útboðsmarkaðinn. Auknum umsvifum hefur verið mætt með síaukn-

um fjölda erlends starfsfólks í greininni, enda hefur hún vaxið miklu hraðar á undanföllum árum en innlendir vinnu- markaður ræður við,“ segir Dóra.

Þarf að klára skipulag og auka lóðaúthlutun

„Viðskiptavinir okkar eru margir hverjir farnir að huga að sjálfbærni í sinni framleiðslu og átta sig á mikilvægi þess fyrir farsælan rekstur. Þá gera kaupendur einnig auknar kröfur um gæði og endingartíma, orkusparnað og vistvæna framleiðslu, en þetta tvennt helst í hendur. Hagkvæmt húsnæði hefur verið töluvert í umræðunni undanfarið og viðskiptavinir okkar hafa tekið mið af því í sínum verkefnum. Skipulagsyfirvöld þurfa að taka betur í beðinir verktaka um einfaldar breytingar á skipulagi, en í mörgum tilvikum hefur viðskiptavinum okkar gengið illa að fá að gera breytingar á keyptum lóðum, breytingar sem ætlað er að mæta væntingum markaðarins. Þá er skortur á lóðum fyrir verkefni,“ segir Dóra og bætir við að eigi greinin að ná að halda í við uppbyggingaráform þurfi að klára skipulag og auka lóðaúthlutun.

Dóra segir jafnframt að í ljósi sterkar stöðu sinnar á þessum markaði leggi Landsbankinn áherslu á að vera sýnilegur og aðgengilegur á Verk og vit. Landsbankinn býður ekki aðeins fjármögnunarleiðir vegna mannvirkjaframkvæmda, heldur einnig fjölbreytt íbúðalán til einstaklinga. Þá er hagstæð bíla- og tækjafjármögnun í boði, jafnt fyrir einstaklinga sem fyrirtæki.

Samvinna og samstaða er lykilatriði

Sigríður Hrund Pétursdóttir, stofnandi fyrirtækisins Vinnupallar ehf., býður upp á vandaðan öryggisbúnað fyrir mannvirkjajaiðnaðinn, rekur öflugan tækjaleigu og er sífellt að sækja inn á ný svið og auka við breidd sértæks vöruúrvals.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugri sókn og vexti frá stofnun þess og sækir nú á með nýrri auglýsingaherferð sumarsins sem boðar samvinnu og samstöðu í krefjandi umhverfi þar sem gott viðhorf skilar árangri og léttir á annars krefjandi hversdegi.

„Vinnupallar hafa komið sterkt og markvisst inn á markaðinn með skýra stefnu og markmið að styðja við öryggi í mannvirkjajaiðnaði með framúrskarandi vörum, góðu verði, fræðslu á öryggi og rétttri notkun vara. Öryggismál við almennar framkvæmdir og í mannvirkjajaiðnaði á Íslandi fara síbatnandi með aukinni vitund og fræðslu,“ segir Sigríður Hrund, stofnandi fyrirtækisins.

Sérstaða og einfaldar áherslur

„Sérstaða Vinnupalla felst í viðhorfi og þjónustulund. Framkvæmdir eru afar sértækar og hlaðnar áskorunum. Við einblinum á að veita viðskiptavinum öruggar lausnir með jákvæðni, drifkrafti, samvinnu og samstöðu,“ segir Sigríður og bætir við að sveigjanleiki einkenni Vinnupalla. Boðið er upp á flestar vörur jafnt til leigu og sölu með langtíma viðskiptasamband í huga. „Vinnupallar selja bæði til almennings sem fagfólks. Við erum í nánnum samskiptum við okkar viðskiptavinum og leitumst eftir endurgjöf í sífellu. Það er besta leiðin til að vera á tánum og sinna hlutverki fyrirtækisins sem best. Áherslan er alltaf á góða þjónustu, góða vöru og góð verð,“ segir hún.

Einfaldar áherslur í vönduðu vöruúrvali skila sér að hennar sögn. „Vinnupallar eru til að mynda leiðandi í gæða vinnuþöllum, tröppum og stigum fyrir allan iðnað. Vöruúrval er valið út frá framkvæmdasvæðum. Vinnustaðir þurfa að vera öruggt rammaðir af með girðingum, göngubrúum, umferð-



Sýningarrými Vinnupalla á síðustu Verk og vit sýningu.

aröryggismerkjum o.s.frv. Framkvæmdasvæði þurfa að vera hrein og þurr með notkun ryksuga, iðnaðarsópa, þurrktækja,

rakaskilja o.þ.h. Sjálfbærni framkvæmda krefst sterkra, endingagóðra gæðavara á hagstæðu verði,“ segir Sigríður.

Stuðlum að sjálfbærnu samfélagi

Sjálfbærni í verkfræði skapar hagkvæmar lausnir, viðskiptavinum og umhverfi til hagsbóta. Við vitum að þær ákvarðanir sem við tökum í dag munu hafa áhrif á velferð fólks og umhverfis á morgun.

Þess vegna leggjum við ríka áherslu á sjálfbærni í öllu okkar starfi.

Mannvit rekur níu starfsstöðvar víðsvegar um landið og með öflugum hópi sérfræðinga bjóðum við verkfræðiráðgjöf og tækniþjónustu á sviði skipulags- og umhverfismála, bygginga, orkuöflunar og iðnaðar.

www.mannvit.is



MANNVIT
a COWI company



Hafa góða reynslu af sýningunni

Límtré Vírnet er rótgróid framleiðslufyrirtæki sem hefur þjónað byggingarmarkaði á Íslandi í yfir 60 ár. Vöruúrval fyrirtækisins er mjög breitt eða allt frá grunni bygginga yfir í endanlega klæðningu sem og heilu húsin.

„Við þurftum því miður að draga okkur út úr síðustu sýningu en hlökkum mikið til að taka þátt í Verk og Vit næsta vor. Við höfum mjög góða reynslu af þátttöku á sýningunni,” segir Andri Daði Aðalsteinsson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs fyrirtækisins.

Andri segir að Límtré Vírnet hafi alltaf lagt mikla áherslu á að bjóða viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir, lausnir sem henta hverjum og einum. „Viðskiptavinir okkar hafa mismunandi þarfir og það er okkar verk að



Andri Daði Aðalsteinsson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs hjá Límtré Vírnet.

finna hagkvæmustu og bestu lausnina með þeim. Þetta væri ekki hægt nema með þeim frábæra mannauð sem við höfum yfir að búa sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á þessu sviði.”

Skaffa allt sem þarf í húsið sjálf

Andri segir að ef viðskiptavinir fyrirtækisins vanti til að mynda húsnaði þá sér fyrirtækið um að skaffa allt sem þarf í húsið sjálf. „Tækni- og hönnunardeild fyrirtækisins sér til þess að skila inn öllum teikningum til byggingarfulltrúa fyrir utan aðaluppdrætti. Límtré og steinullareiningar eru framleiddar á Flúðum. Allar áfellar og stálfestingar eru svo framleiddar í Borgarnesi. Iðnaðar- og gönguhurðar, þakrennur, skrufur og allar festingar eru svo fluttar inn af fyrirtækinu. Byggingar fyrirtækisins eru svo gott

sem íslensk framleiðsla frá A-Ö og við sköffum allt sem þarf í skel hússins.”

Undanfarin ár hefur fyrirtækið lagt sérstaka áherslu á heildarlausnir í álklæðningum. „Það er ákveðin nýning hér á landi að hægt sé að kaupa allt efni og alla vinnu á einum stað. „Undirkerfið og aðrar festingar eru á lager í Reykjavík og völsunardeild fyrirtækisins sér svo um að framleiða báruálið. Blikksmiðja fyrirtækisins í Borgarnesi sérsmíðar svo allar áfellar sem þarf í frágang á slíkum klæðningum sem og að framleiða aðrar sérsmíðaðar klæðningar. Þar má nefna kassettur, panel klæðningar og sléttar klæðningar. Þetta hefur lagst gríðarlega vel í okkar viðskiptavinum að hafa svona „one-stop shop“ þegar kemur að álklæðningum,” segir Andri enn fremur.

Fagnaðarefni fyrir byggingargeirann

Ístak er leiðandi verktakafyrirtæki sem annast verkefni eins og byggingar, virkjanir, álversframkvæmdir, jarðgangagerð, hafnarframkvæmdir auk vega- og brúargerðar. Ístak hefur verið leiðandi á íslenskum byggingarmarkaði í yfir 50 ár en félagið var stofnað árið 1970 og hefur haft mikil áhrif á þróun mannvirkjagerðar á Íslandi.

„Ístak hefur tekið þátt í Verk og Vit í öll skiptin utan einu sinni. Við höfum velt því fyrir okkur hvort við eigum alltaf erindi á sýninguna en höfum metið það svo að við eigum alltaf erindi. Þessi sýning er að mörgu leyti frábrugðin sýningum erlendis að því leyti að á Verk og Vit er allur byggingargeirinn að hittast. Á sýningunni hittum við aðra í geiranum og einnig viðskiptavinum í öðru umhverfi en gengur og gerist dagsdaglega. Það er mjög gott og mikilvægt að eiga samtöl við viðskiptavinum, birgja og þjónustuaðila sem við hittum þarna á einum stað. Það er því fagnaðarefni fyrir byggingargeirann að þessi sýning sé haldin og lífi sem lengst,” segir Hermann Guðmundsson, verkefnastjóri viðhaldsþjónustu Ístaks.

Mikil áhersla á tækni

„Þetta er mjög sveiflukenndur markaður eins og við þekkjum. Núna er mikið um að vera á byggingarmarkaði og þá leggjum við áherslu á að kynna okkur fyrir fólki sem við getum mögulega fengið í okkar raðir. Þannig var áherslan hjá okkur t.d. á sýningunni í fyrra þar sem við vorum að kynna okkur fyrir framfaristjórnendum, iðnaðarmönnum sem og skólafólki. Við fengum til okkar skólahópa í heimsókn í sýningarrými okkar og kynntum fyrir þeim starfsemi fyrirtækisins. Við höfum lagt mikla

áherslu á tæknina og nýta hana okkur í hag. Það er mikil þróun að eiga sér stað í tækninni í byggingariðnaði og þar viljum við vera í fararbroddi. Innan fyrirtækisins er m.a. starfrækt sérstök deild utan um BIM upplýsingatækni en BIM stendur fyrir Building Information Modelling sem á íslensku hefur verið þýtt sem upplýsingalíkön. Þessi líkön einfalda alla samræmingu hönnunargagna, auðveldu magntöku og auka skilvirkni í samskiptum. Þetta getur breytt miklu og til að mynda komið í veg fyrir kostnaðarsamar lagfæringar eftirá,” segir Hermann.

Hann segir að fólk hafi áhuga á að sjá þróun á þessum markaði. „Við tökum eftir því að ungt fólk horfir til þess hvað það er að fara að starfa við ef það velur sér að starfa í byggingariðnaði. Það vekur jákvæða athygli hjá ungu fólki hvað þetta er orðinn tæknilegur geiri. Starfsþróun er mögulega í ýmsar áttir fyrir efnilegt starfsfólk, hvort sem áhugi þeirra liggur í sjálfri verkframkvæmdinni, gæða- og öryggismálum eða tæknilegri þróun. Við leggjum mikla áherslu á að ýta undir slíka þróun í starfi. Þótt byggingargeirinn hafi í gegnum tíðina verið mjög karllægur bransi og sé það enn þá hefur konum fjölgað talsvert hjá okkur á öllum sviðum fyrirtækisins. Konur starfa hér sem smíðir, tæknimenn og stjórnendur sem er afar ánægjuleg þróun. Það gerir vinnustaðinn fjölbreyttari og skemmtilegri,” segir Hermann.

Fjölbreytt verkefni hjá fyrirtækinu

Ístak vinnur að mjög fjölbreyttum verkefnum að sögn Hermanns. „Við komum víða við í byggingargeiranum. Við byggjum hús, brýr, vegi og virkjanir. Starfsfólk okkar hefur talað um að það sé sérlega spennandi að starfa hjá



Hermann Guðmundsson, verkefnastjóri viðhaldsþjónustu Ístaks.

Ístak því það fær að prófa svo margt og fjölbreytilegt. Það eru engir tveir dagar eins og ekkert verk er eins og það næsta. Sem dæmi um verkefni sem er nýlök- ið eða eru í gangi get ég nefnt stækkun Reykjanesvirkjunar, nýtt og glæsilegt hús Eddunnar, stækkun flugstöðvarinnar á Keflavíkuvelli, vegaframkvæmdir á Kjalarnesi og við Hornarfjarðarfjót auk byggingar skóla og menningarmiðstöðvar í Nuuk á Grænlandi svo eitt

hvað sé nefnt. Síðustu ár höfum við einnig unnið að ýmsum viðhalds- og endurbótaverkefnum, bæði stórum og smáum. Til dæmis endurbyggingu útveggja Orkuveituhússins og endurbætur á Hótel Sögu sem er núna að skipta um hlutverk. Þar vorum við að skila af okkur 111 stúdentaíbúðum fyrir Félagsstofnun stúdenta auk þess sem unnið er að viðhaldi á ytra byrði hússins,” segir Hermann að lokum.



STERKIR Í STÁLGRINDARHÚSUM

Einn staður - Allar lausnir

Um
250 hús
um land
allt!



Jarðvinna | Steypuvinna | Stálgrindarhús | Innivinna | Fullnaðarfrágangur



📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is



VINNUPALLAR EHF

- DRUGGAR LAUSNIR -

www.vpallar.is



FKA konur í mannvirkjajafnaði

FKA konur í mannvirkjajafnaði fjölmenntu á síðustu Verk og vit sýningu.

limtrevirnet.is

ÁLKLÆÐNINGAR EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Fullvinnsla og sérsmíði á klæðningum og áfellum

Hafðu samband: sala@limtre.is | 412 5300

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Sölu- og skrifstofur: Lynghalsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

FKA konur í mannvirkjajafnaði eru hópur félagskvenna innan raða FKA, Félags kvenna í atvinnulífinu, sem koma frá ýmsum hliðum mannvirkjajafnaðarins.

Frumkvæðið átti Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, hagfræðingur og nemi í húsmiði. Hún renndi þessu verkefni úr vör haustið 2021 og fékk liðs við sig þær Kolbrúnu Rakel Helgadóttur, félagskonu í FKA og eiganda byggingafyrirtækisins Ölfusborg, og Ólöfu Guðmundsdóttur, eiganda Pago húsa.

„Komandi beint út úr covid-tímabilinu vorum við smá stund að trekkja þetta í gang og finna flöt á því hvernig við vildum haga þessum félagsskap okkar, hvað við vildum fá út úr þessu og t.a.m. voru fyrstu „hittingarnir“ þannig að við vorum bara á netinu og 2-3 dómur í sal. En fljótlega fór að komast mynd á þetta og það hefur heldur betur fjölgað í hópnum okkar því við erum í dag rétt um hundrað talsins og komum vítt og breitt úr geiranum. Snemma tók hópurinn þá stefnu að fókusa á það að efla tengslanetið, fá kynningu á störfum kvenna innan iðnaðarins, hittast og spjalla, kynnast og fræðast. Hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir hafa verið dugleg að bjóða okkur heim og kynna starfsemi sína og störf kvenna innan þeirra raða. Það kemur alls ekki á óvart en konur eru bara ansi víða í bransanum þó það hafi oft ekki farið mikið fyrir þeim fram til þessa,“ segir Kolbrún Rakel.

Spennar fyrir sýningunni

Hún segir að FKA mannvirkjahópurinn sé spennur fyrir því að taka þátt í Verk og vit í apríl 2024 og kynna þann fjölbreytta hóp sem spannar allt sviðið í mannvirkjajafnaðinum. Innan mannvirkjahópsins eru hönnuðir, verktakar,

verkfræðingar, byggingastjórar, iðnmeistarar og sveinar, verkefnastjórar, lögfræðingar, söluaðilar byggingarefnis, fasteignasalar, eigendur fyrirtækja, fjármálastjórar, fjárfestar, mannauðsstjórar og svona mætti lengi telja.

„Mannvirkjajafnaðurinn hefur fram til þessa verið frekar karllægur en með aðkomu kvenna þá hefur andrúmsloftið breyst. Kynin eiga það til að nálgast og leysa verkefni á ólíkan

” Innan mannvirkjahópsins eru hönnuðir, verktakar, verkfræðingar, byggingastjórar, iðnmeistarar og sveinar, verkefnastjórar, lögfræðingar, söluaðilar byggingarefnis, fasteignasalar, eigendur fyrirtækja, fjármálastjórar, fjárfestar, mannauðsstjórar og svona mætti lengi telja.

hátt og með blönduninni næst fram ólíkt sjónarhorn. Kona sem kaupir þjónustu af hönnuði eða verktaka, kys kannski frekar að skipta við konu. Alveg eins og karl sem er í sömu stöðu kys kannski frekar að skipta við karl. Svo getur dæmið verið bara alveg öfugt en mikilvægt er að fólk viti að það hefur val og við lítum á það sem okkar hlutverk að gera konurnar í bransanum sýnilegri til þess að komandi kynslóðir sem eru að stíga sín fyrstu skref inn á vinnumarkaðinn sjái að tækiferin sem standa þeim til boða eru jöfn og óháð kyni,“ segir Kolbrún Rakel.

Fræðsla fyrir byggingariðnaðinn

Iðan fræðslusetur er fyrirtæki í eigu samtaka launþega og atvinnurekanda í fjölmörgum iðngreinum. Hlutverk Iðunnar er að bæta hæfni starfsmanna og fyrirtækja í iðnaði með því sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem þörf krefur.

„IÐAN er nú í fjórða sinn þátttakandi á stórsýningunni Verk og vit. Við höfum séð að þátttaka okkar á fyrri sýningum hefur skilað sér í aukinni athygli á okkar starfi og aðsókn að námskeiðum og annarri þjónustu okkar. Eins og áður verður lögð áhersla á sýningunni að kynna nýjungar í fræðslustarfinu og aðra þjónustu sem við veitum iðnaðinum.“ segir Ólafur Ástgeirsson, leiðtogi bygginga- og mannvirkjagreina hjá Iðunni.

„Iðan leggur áherslu á að koma fræðslu á framfæri við iðnaðarmenn og fyrirtæki með fjölbreyttari hætti en áður. Auk hinna hefðbundnu staðbundnu námskeiða hefur verið boðið upp á fjölda námskeiða í fjarnámi í beinu streymi í rauntíma. Einnig hefur aukist fram-



Ólafur Ástgeirsson, leiðtogi bygginga- og mannvirkjagreina hjá Iðunni.


boð námskeiða sem hægt er að sækja á vefnum á þeim tíma sem þátttakendum hentar. Aðsókn að vefnámskeiðum hef-

ur verið góð og sýnt fram á nauðsyn þess að miðlun fræðslunnar sé fjölbreytt. Við höfum einnig lagt áherslu á aðra þætti

eins og hlaðvörp, stutta fræðslumola á „ segir Ólafur.

Sjálfbærni og vistvænar byggingar

„Þau sem starfa á byggingariðnaði hafa orðið vör við aukna áherslu í greininni á sjálfbærni og vistvænar lausnir enda iðnaðurinn stór losandi gróðurhúsalofttegunda. Iðan hefur lagt sitt af mörkum á þessu sviði og boðið upp á ýmis námskeið varðandi þessi mál sem hafa verið vel sótt og greinilega vaxandi áhugi meðal iðnaðarmanna. Má þar nefna námskeið um svansvottuð hús, vistvæn byggingarefni og lífsferilsgreiningar. Á döfinni er námskeið um hampsteypu og nýlega hlaut Iðan styrk úr Aski, mannvirkjarannsóknarsjóði til að þróa námskeið um loftþéttleikamælingar húsa. Iðan er aðili að Grænn byggð og tekur þátt í starfi loftlagshóps Stjórnvísí. Við höfum einnig staðið fyrir fræðslufundum staðbundnið og í streymi. Ásgeir Valur Einarson leiðtogi sjálfbærni hjá Iðunni hefur leitt þetta starf.“ segir Ólafur.



VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís tekur þátt í Verk og vit 2024.

Verkís hefur tekið þátt í Verk og vit frá upphafi þar sem sýningin er frábær vettvangur fyrir okkur til að miðla áralangri þekkingu og kynna spennandi nýjungar. Við erum þakklát fyrir tækifærin sem felast í sýningunni og hlökkum til að sjá alla þátttakendur í Laugardalshöll á næsta ári.





**FYRIR YKKUR
SEM ERUÐ AÐ
PLANA, PÆLA OG
ENDURHUGSA**

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN